

L Ö G

18

24. marz

um réttindi danskra ríkisborgara á Íslandi.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þeir, er danskan ríkisborgararétt hafa öðlazt samkvæmt þeim reglum, er þar um giltu fyrir 9. apríl 1940, eða öðlast hann síðar eftir áðurnefndum reglum, skulu hér á landi njóta þess jafnréttis við íslenzka ríkisborgara, er þeim var áskilið í 6. gr. sambandslaga Íslands og Danmerkur 30. nóv. 1918, fyrst um sinn, þar til 6 mánuðum eftir að samningar um það mál geta hafizt milli Íslands og Danmerkur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og tillaga til þingsályktunar um niðurfellingu dansk-íslenzka sambandslagasamningsins frá 30. nóv. 1918.

Gjört í Reykjavík, 24. marz 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

L Ö G

19

24. marz

um breyting á lögum nr. 32 19. maí 1930, um Menntaskóla á Akureyri.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Um fjölda kennslustunda skólameistara og kennara skal á hverjum tíma farið eftir reglugerð fyrir Menntaskóla Reykjavíkur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. marz 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Einar Arnórsson.